

# Rómeó og Júlía

.....  
HECTOR BERLIOZ

25.05.2012

**Listahátíð í Reykjavík 2012**  
Reykjavík Arts Festival 18. maí-3. júní



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

.....  
Dramatíska sínfónían Rómeó og Júlía tekur um 95 mínútur í flutningi og er án hlés.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverksins.

Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á rás 1. Þeir eru aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is)



## Listahátíð í Reykjavík

18. maí–3. júní 2012



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

# RÓMEÓ OG JÚLÍA

TÓNLEIKAR Á LISTAHÁTÍÐ Í ELDBORG 25. MAÍ 2012 KL. 19:30

**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri

**Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir** einsöngvari

**Sveinn Dúa Hjörleifsson** einsöngvari

**Nicolas Cavallier** einsöngvari

**Söngsveitin Fílharmónía, Kór Áskirkju, Hljómeyki**

**Magnús Ragnarsson** kórstjóri

**Hector Berlioz**

*Rómeó og Júlía, dramatísk sínfónía (1839)*

## 1. Inngangur

*Bardagi – Hávaði – Furstinn skerst í leik (Hljómsveit einungis) – Forspjall – Erindi – Söngles og skerzettó*

## 2. Rómeó Einn

*Rómeó einn – Depurð – Ómar frá tónleikum og dansi úr fjarska – Stórhátíð hjá Kapúletta (Hljómsveit einungis)*

## 3. Ástaratriði

*Heiðskír nótt – Garður Kapúletts, þögull og yfirgefinn – Ungir Kapúlettar að koma frá hátíðinni ganga hjá og syngja slitur af tónlist dansleiksins – Ástaratriði (Hljómsveit einungis)*

## 4. Drottningin mabba, eða álfkona draumanna

*Skerzó (Hljómsveit einungis)*

## 5. Líkfylgd júlíu

*(Hljómsveit og kór)*

## 6. Rómeó við grafhýsi kapúletta

*Fyrirbæn – Júlía vaknar – Ofsagleði, örvænting; lokaangist og dauði elskendanna tveggja (Hljómsveit einungis)*

## 7. Lokaháttur

*Mannfjöldinn hraðar sér til grafreitsins – Ryskingar Kapúletta og Montaga – Söngles og aría bróður Lárens – Sáttasvardagi*

## **Ilan Volkov**

*hljómsveitarstjóri*



Ilan Volkov (f. 1976) hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa við Sinfóníuhljómsveitina í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að hreppa slíka stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar. Hann stýrði hljómsveitinni meðal annars á Proms- og Eðinborgarhátíðunum og lagði áherslu á flutning nýrra verka meðan hann gengi stöðunni. Þeirra á meðal var frumflutningur sellókonserts eftir Unsuk Chin með einleikaranum Alban Gerhardt á Proms-hátíðinni árið 2009. Volkov lét af starfinu í Skotlandi árið 2009 og tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september 2011. Meðal þeirra hljómsveita sem hann stýrir reglulega eru Fílharmóníuhljómsveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Orchestra of the Age of Enlightenment, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómsveitin í Washington. Volkov er einnig mikils metinn óperustjóri og hefur stýrt Lundúnafílharmóníunni í *Draumi á Jónsmessunótt* eftir Britten á Glyndebourne-hátíðinni, *Peter Grimes* við Þjóðaróperuna í Washington, *Evgéní Ónégin* við San Francisco-óperuna og *The Rise and Fall of the City of Mahagonny* eftir Kurt Weill við óperuna í Toulouse. Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af hljómsveitarverkum Benjamins Britten. Samtímatónlist er Ilan Volkov hugleikin og leggur hann mikla áherslu á að kynna og flytja nýja og nýlega tónlist. Tónlistarhátíðin Tectonics sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt í fyrsta sinn í mars á þessu ári undir listrænni stjórn Volkovs hlaut hvarvetna frábæra dóma.

## Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir



Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzósópran stundaði söngnám hjá Rut Magnússon í Tónlistarskólanum í Reykjavík og hjá Lauru Sarti í Guildhall School of Music and Drama í London, en þar lauk hún meistaranámi í söng og óperudeild skólans. Hún hefur einnig sótt einkatíma í söng hjá Aliciu Nafé í Madríd. Guðrún hefur hlotið ýmis verðlaun í alþjóðlegum söngkeppnum.

Guðrún hefur frumflutt fjölmörg tónverk eftir íslensk og erlend tónskáld, sem sum hver hafa verið samin sérstaklega fyrir hana. Hún hefur komið fram á tónleikum í mörgum af helstu tónleikasölum Evrópu og í Suður-Ameríku og sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Bachsveitinni í Skálholti, Kammersveitinni Ísafold, Caput, Nordic Affect, Sonor Ensemble, Sinfóníuhljómsveit Madrídardar, St Petersburg State Symphony Orchestra og Philharmonia Orchestra í London. Guðrún hefur sungið í óperum á Spáni, Bretlandi og Íslandi.

Guðrún hefur sungið inn á fjöldann allan af geisladiskum sem fengið hafa frábæra dóma, meðal annars í hinu virta tímariti Gramophone. Á næstunni kemur út geisladiskur þar sem Guðrún og Francisco Javier flytja ensk lög frá 19. öld á vegum EMEC útgáfufyrirtækisins. Guðrún er listrænn stjórnandi Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri.

## Sveinn Dúa Hjörleifsson



Sveinn Dúa Hjörleifsson nam sönglistina við Söngskóla Sigurðar Demetz í Reykjavík og framhaldsnám stundaði hann við Óperudeild Tónlistaháskólans í Vínarborg. Sveinn hefur komið víða við og sungið fjölmarga tónleika og óperusýningar víða um heim. Helst ber að nefna flutning á *F-dúr messu* Schuberts í Musikverein, Vínarborg með Wiener Akademie, *9. símfóníu Beethovens* með Sinfóníuhljómsveit Íslands við opnun Hörpu, Ferrando í *Così fan tutte* eftir Mozart í Schlosstheater Schönbrunn í Vín og Landestheater Linz en við hið síðarefnda er Sveinn fastráðinn næstu tvö leikár. Þar mun hann meðal annars fara með hlutverk Ernesto í *Don Pasquale* eftir Donizetti og Tamino í *Töfraflautunni* eftir Mozart.

Hann hefur sungið inn á plötur með Karlakór Reykjavíkur og fyrir síðustu jóla kom út hans fyrsta sólóplata „Værð“ sem hlotið hefur góða dóma.

## Nicolas Cavallier



Franski bassasöngvarinn Nicolas Cavallier nam söng við Royal Academy of Music og National Opera Studio í London. Að námi loknu hafa leiðir hans legið víða á svið óperuheimsins og hlutverkalistinn er langur og fjölbreytilegur. Á meðal helstu hlutverka sem Cavallier hefur sungið má nefna Sarastro í *Töfraflautunni*, Zuniga í *Carmen*, Don Fernando í *Fidelio*, Masetto, Leporello og sjálfst titilllutverkið í *Don Giovanni*, titilllutverkið í *Brúðkaupi Fígarós*, Publius í *Mildi Títusar*, Don Alfonso í *Così fan Tutti*, sendiboðann í *Oedipus Rex*, Dulcamara í *Ástardrykknum* og Colline í *La Bohème*, svo fátt eitt sé nefnt.

Utan óperusviðs hefur Cavallier einnig komið fram í fjölmörgum óratórium og má þar helst nefna *c-moll messu* Beethovens, *Sálumessu* Mozarts og Verdis, *Sköpunina* eftir Haydn og *A child of our Time* eftir Tippett.

Söngur Cavalliers hefur ratað inn á hljóðrit með hljómsveitarstjórum á borð við Nicolas McGegan, John Eliot Gardiner og Mark Minkowski.

## Magnús Ragnarsson



Magnús Ragnarsson stundaði píanónám frá barnsaldri, m.a. hjá Jónasi Ingimundarsyni og Guðríði St. Sigurðardóttur. Haustið 1999 hóf hann orgelnám í Tónskála þjóðkirkjunnar hjá Kára Þormar og tveimur árum síðar hlaut hann inngöngu í kirkjutónlistardeild Tónlistarháskólans í Gautaborg þar sem hann stundaði orgelnám hjá Karin Nelson, söngnám hjá Gunnar Forshufvud og nam kór- og hljómsveitarstjórn hjá Jan Yngve. Þá stundaði hann framhaldsnám í kórstjórn hjá prófessor Stefan Parkman við Háskólann í Uppsölum. Hann tók við starfi organista Áskirkju í september 2007 og stjórnar kór kirkjunnar. Magnús tók við stjórn Söngsveitarinnar Fílharmóníu í janúar 2006 og stjórnaði sönghópnum Hljómeyki árin 2006-2012. Hann hefur komið víða fram sem organisti og samið nokkur tónverk en lagt aðaláherslu á kórstjórn. Meðal stærri verka sem Magnús hefur stjórnað eru *Requiem* eftir Mozart, *Fauré* og *Durufélé*, *Stabat Mater* eftir Haydn og *Dvořák*, *Dixit Dominus* eftir Händel, messur eftir Bach, Zelenka og Schubert, *Carmina Burana* eftir Carl Orff, *Nátt söngvar* eftir Rakhmanínov, *Kórkonsert* eftir Schnittke, *Óttusöngvar að vori* eftir Jón Nordal og *Þýsk sálumessa* eftir Brahms. Síðastnefnda verkið flutti Magnús með Söngsveitinni Fílharmóníu og Lutoslawski Fílharmóníuhljómsveitinni í Wroclaw í Póllandi við mjög góðar undirtektir. Einnig hefur hann stjórnað frumflutningi á verkum eftir Tryggva M. Baldvinsson, Sigurð Sævarsson, Þóru Marteinsdóttur, Önnu S. Þorvaldsdóttur, Atla Ingólfsson, Hildigunni Rúnarsdóttur, Svein Lúðvík Björnsson og fleiri.



## Sönghópurinn Hljómeyki

Hljómeyki var stofnað árið 1974 og hefur frá upphafi verið í fremstu röð íslenskra kóra. Hópurinn starfaði fyrstu árin undir stjórn Rutar L. Magnússonar og flutti þá aðallega veraldlega tónlist frá ýmsum löndum. Árið 1986 tók kórinn upp samvinnu við Sumartónleika í Skálholti og hefur síðan þá lagt megináherslu á flutning nýrrar íslenskrar tónlistar. Í Skálholti hefur Hljómeyki flutt ný verk eftir mörg helstu tónskáld landsins, svo sem Atla Ingólfsson, Elínu Gunnlaugsdóttur, Hildigunni Rúnarsdóttur, Jón Nordal, Jórinni Viðar, Óliver Kentish, Svein Lúðvík Björnsson, Úlfar Inga Haraldsson og Þuríði Jónsdóttur. Hljómeyki tekur einnig iðulega þátt í norrænum tónlistarhátíðum, svo sem Myrkum músíkdögum og Norrænum músíkdögum.

Hljómeyki hefur nokkrum sinnum tekið þátt í óperuflutningi og má þar nefna *Dido og Æneas* eftir Purcell, *Orfeus og Evridísi* eftir Gluck, *Orfeo* eftir Monteverdi, *Mildi Títusar* eftir Mozart og *Carmen* eftir Bizet. Síðastnefndu verkin söng kórinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands en Hljómeyki hefur komið reglulega fram með hljómsveitinni á undanförunum árum, síðast í flutningi sveitarinnar á tónlistinni úr Hringadróttinssögu. Hljómeyki hefur gefið út sex geisladiska, með verkum eftir íslensk tónskáld. Stjórnandi Hljómeykis er Marta Guðrún Halldórsdóttir

## Söngsveitin Fílharmónía

Þegar Söngsveitin Fílharmónía var stofnuð fyrir rúmum 50 árum voru aðstæður til tónlistarflutnings ólíkar því sem nú gerist. Sinfóníuhljómsveit Íslands hafði þá starfað í tíu ár og þótti áhugafólki og atvinnumönnum nauðsynlegt að stofna kór sem ætlað væri að flytja stór kórverk með hljómsveitinni. Dr. Róbert A. Ottósson gegndi þá forystuhlutverki í tónlistarlífi á Íslandi og fyrir tilstilli hans og annarra var komið á fót félaginu Fílharmóníu, sem skömmu síðar stofnaði Söngsveitina. Fyrstu tónleikar Fílharmóníu og Sinfóníuhljómsveitarinnar voru haldnir í Þjóðleikhúsinu vorið 1960 og var hið alþekktu verk *Carmina Burana* þá frumflutt hér á landi. Kórinn hefur í samstarfi við Sinfóníuhljómsveitina tekið þátt í flutningi fjölmargra sígildra verka eftir meistara tónbókmenntanna, s.s. Beethoven, Bach, Brahms, Händel, Haydn, Mozart, Schubert og Verdi.

Í febrúar 2012 tók Söngsveitin þátt í flutningi *Hringadróttinsinfóníunnar* ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kór Áskirkju og Hljómeyki. Í apríl á þessu ári minnst kórinn stofnanda síns og fyrsta stjórnanda, Róberts A. Ottóssonar, með tvennum tónleikum þar sem m.a. voru fluttar útsetningar Róberts á íslenskum þjóðlögum. Einnig flutti kórinn þá nýtt verk Hildigunnar Rúnarsdóttur, *Náttsöng*, samið í minningu dr. Róberts. Yfirlit um alla tónleika Söngsveitarinnar frá upphafi er á heimasíðunni [www.filharmonia.is](http://www.filharmonia.is).

## Kór Áskirkju

Kór Áskirkjuvar stofnaður í núverandi mynd haustið 2001. Kórmeðlimir eru allir söngmenntaðir og hafa mikla reynslu í kórsöng. Að jafnaði eru 24 söngvarar í kórnum en kórinn kemur einnig fram í smækkaðri mynd, einkum við kirkjulegar athafnir. Einnig hefur kórinn sungið við hátíðleg tækifæri í tengslum við safnaðarstarfið. Kórinn hefur haldið tónleika víða um land.

Starf kórsins hefur verið með miklum blóma og hefur kórinn haldið nokkra tónleika á ári við góðan orðstír. Að jafnaði hafa einsöngshlutverk verið í höndum kórfélaga. Á meðal stærri verka á efnisskrá kórsins má telja *Stabat mater* eftir Dvořák, *Gloriu í D-dúr* eftir Vivaldi, *Messu í Es-dúr* eftir Rheinberger, *Missa Brevis* eftir Mozart, *Jólaóratóríu* eftir Saint-Saëns, *Sálumessu* eftir Fauré, *Messu í G-dúr* eftir Poulenc, *Orgelmessu* eftir Flor Peeters, *Maríumúsik* eftir Anders Öhrwall og *Jóhannesarpassíuna* eftir Bach. Einnig hefur kórinn sungið nokkur verk með Sinfóníuhljómsveit Íslands, m.a. *Sköpunina* eftir Haydn, *Porgy & Bess* eftir Gershwin, *9. sinfóníu* Beethovens, *Hringadróttinssinfóníuna* eftir Howard Shore og *Messías* eftir Händel. Að auki hefur kórinn flutt ýmis smærri tónverk, íslensk og erlend, bæði af kirkjulegum og veraldlegum uppruna, þjóðlög og fleira. Árið 2004 gaf kórinn út geisladiskinn Það er óskaland íslenskt þar sem flutt voru íslensk ættjarðarlög og um jólin 2008 kom út geisladiskurinn Það aldin út er sprungið og fengu báðir diskarnir mjög góðar viðtökur.

## Hector Berlioz



Franska tónskáldið Hector Berlioz (1803-1869) fæddist nærri Grenoble í frönsku ölpunum þann 11. desember árið 1803. Sem barn var hann mikill lestrarhestur og hafði mikinn áhuga á öndvegisskaldum á borð við Virgil, Shakespeare og Goethe. Hefðbundið tónlistarnám var af skornum skammti en Berlioz varð þó leikinn á gítar og nam flautuleik í eitt ár en lærði aldrei að spila á píanó. Hljómfræði nam hann með því að skoða kennslubækur og byrjaði ungur að semja tónlist. Þrátt fyrir tónlistargáfur og áhuga frá unga aldri var Berlioz ætlað annað hlutverk en að verða tónlistarmaður og var hann sendur af föður sínum til Parísar til að nema læknisfræði. Þráin eftir að verða tónskáld var hins vegar of sterk og yfirgaf hann því læknanámið fyrir nám í tónsmíðum við Tónlistarháskólann í París haustið 1826.

Berlioz varð fyrir miklum áhrifum af verkum Beethovens, þá einkum sínfóníunum, eftir hafa heyrnt 5. og 6. sínfóníu meistarans fluttar á tónleikum í París. En Beethoven var ekki eina uppspretta innblásturs. Bókmenntir og skáldskapur urðu Berlioz ætíð innblástur sköpunar og höfðu verk Shakespeares mikil áhrif á hann. Árið 1827 kom til Parísar breskur leikhópur sem setti upp nokkur af helstu meistaraverkum skáldsins. Koma þessa leikhóps olli straumhvörfum í lífi Berliozar á fleiri en einn veg. Hann varð hugfanginn af snilld Shakespeares, tímaleysi verkanna og framsetningu tilfinninga.

Það var ekki það eina sem átti hug hans því eftir að hafa séð írsku leikkonuna Harriet Smithson leika Opheliu í *Hamlet* og Júlíu í *Rómeó og Júlíu* árið 1827 varð hann gjörsamlega gagntekinn af henni og sú þráhyggja varð honum innblástur fyrir hans fyrsta stórvirki, *Symphonie fantastique*. Þetta var eitt frumlegasta og byltingarkenndasta verk sem skrifað hafði verið. Frumflutningur þess árið 1830 kom Berlioz á kortið sem einu fremsta og róttækasta tónskáldi Frakklands og helsta boðbera hinnar nýju rómantísku stefnu.

## TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

*Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur ekki áður flutt Rómeó og Júlíu eftir Berlioz í heild sinni og er því um frumflutning á verkinu að ræða. Sí hefur einu sinni á tónleikum flutt hljómsveitarkafli verksins og var það á tónleikum 8. mars árið 2001.*

*Hljómsveitarstjórinn Rumon Gamba steig á þeim tónleikum í fyrsta sinn á stökk með hljómsveitinni.*

Þrátt fyrir ákafa tilburði Berliozar til þess að ganga í augun á Smithson lét hún ekki auðveldlega til leiðast og hafnaði Berlioz fyrst um sinn enda þekkti hún hann lítið fyrir utan öll ástarbréfin sem Berlioz sendi henni. En þegar leikkonan heyrði á endanum sínfóníuna sem augljóslega var tileinkuð henni varð hún ástfangin af höfundinum og að lokum gengu þau í hjónaband. Eftir alla fyrirhöfnina reyndist hjónabandið þó misheppnað og þau skildu árið 1844.

Berlioz var hálfgerð olnbogabarn í tónlistarlífi Parísar og hafði enga fasta stöðu, hvorki sem tónskáld né sem kennari þó að verk hans hafi vakið athygli og hlotið verðlaun, meðal annars hin virtu Rómavertlaun árið 1830. Hann þótti einfaldlega helst til of róttækur. Til að afla tekna starfaði Berlioz við að skrifa tónlistargagnrýni og fór alla tíð í taugarnar á honum að geta ekki einbeitt sér að tónsmíðum.

Fá tónskáld voru jafn bókmenntalega sinnuð og Berlioz og voru mörg verka hans samin undir áhrifum frá bókmenntum eins og t.d. óperan *Les Troyens* sem sótti innblástur sinn í ljóð Virgils. Þó má segja að Shakespeare sé leynt og ljóst áhrifavaldur að flestum hans verka og má nefna *Rómeó og Júlíu* og óperuna *Béatrice og Benedikt* sem byggir á gamanleiknum *Ys og þys út af engu*. Mörg önnur tónverk Berliozar hafa kannski ekki beina skírskotun í verk Shakespeares en tónlistarfræðingurinn Andrew Huth hefur fært rök fyrir því að undirliggjandi áhrif Shakespeares sé nánast alls staðar að finna í tónverkum Berliozar, einkum hvað varðar framsetningu á dramatík og tilfinningum og frjálsleika í formi þar sem hin hefðbundnu landamæri forms og stílbrigða eru að engu höfð.

## Rómeó og Júlía

Að færa hina harmrænu ástarsögu Shakespeares um elskendurna Rómeó og Júlíu í tóna var eitthvað sem lengi hafði blundað í Berlioz. Það var þó ekki fyrr en undir lok 4. áratugar 19. aldar að aðstæður gerðu honum kleift að einhenda sér í það verk. Stórvirki á borð við *Symphonie fantastique*, *Sálumessu*, óperuna *Benvenuto Cellini* og hinn sífóníska víólukonsert *Harald á Ítalíu* höfðu þá þegar litið dagsins ljós.

Fiðlurvirtúsinn Nicolai Paganini hafði upphaflega pantað verk fyrir víólu af Berlioz sem samdi í kjölfarið *Harald á Ítalíu*. Pagnini hafnaði hins vegar verkinu því hann áleit það ekki nægilega virtúósiðskt. Er Paganini hins vegar heyrði verkið á tónleikum áttaði hann sig á hvílík mistök hann hefði gert. Til þess að sýna yfirlit og iðrun færði hann Berlioz 20.000 franka að gjöf sem var mun meira en Berlioz þénaði á einu ári. Þessi rausnarlega gjöf gerði tónskáldinu kleift að borga niður skuldir og einbeita sér að tónsmíðum og tryggði það að hann gæti látið flytja hið ósamda verk sem hann hafði lengi ætlað sér vinna að, *Rómeó og Júlíu*.

Það hefði legið beint við að gera óperu um Rómeó og Júlíu en síðasta verk Berliozar, óperan *Benvenuto og Cellini*, hafði fengið afar dræmar viðtökur við frumflutning árið 1838 og því hætti hann ekki á að fara þá leið og úr varð dramatísk sífónía þar sem hreinir hljómsveitarkaflar eru rammaðir inn af sungnum hlutum verksins.

Berlioz var alla tíð ákveðinn í að verk hans *Rómeó og Júlía* væri að formgerðinni til sífónía en ekki kantata eða ópera í konsertformi. En hin sífóníska *Rómeó og Júlía* er hvað form varðar ólík öðrum verkum, fyrr og síðar, og því erfitt að bera þetta verk saman við hina hefðbundnu sífóníu.

Þessi óhefðbundna leið, að færa bókmenntaverk að nokkru leyti í tóna í sífóníu sem að hluta til er sungin af einsöngvurum og kórum gaf Berlioz ákveðið frjálsræði. Hann ákvað að halda sig ekki bókstaflega við texta Shakespeares heldur velja úr senur

og atriði sem hæfðu framvindu tónverksins. Berlioz gerði uppkast að texta sem vinur hans Émile Deschamps vann librettóið úr.

Samspil hljóðfærakafla og sunginna hluta verksins er úthugsað frá hendi tónskáldsins. Sungnu hlutar verksins leiða okkur inn í hljómsveitarhlutana um miðbik verksins og inn í sunginn lokakafla. Í upphafi verks birtist okkur fjörlegt fugato, sem táknar fjölskyldur Montaga og Kapúletta að troða illsakir hver við aðra, en er síðan brotið upp á tónleskenndri innkomu málmblásara sem tákna á aðkomu furstans sem reynir að stilla til friðar milli hinna stríðandi fylkinga. Í kór og einsöngshluta sem á eftir kemur má segja að málsatvik séu kynnt og ástæður deilna og afleiðinga raktar. Berlioz læðir inn í þennan hluta tónefni sem síðar birtist í hljómsveitarhlutanum, úr veislu Kapúletta, ástaratriði og líkfylgd Júlíu. Þessi leið, að kynna stef sem birtast síðar í verkinu og vísa til atburða eða persóna, hafði mikil áhrif á Wagner sem síðar notaði þessa tónsmíðataekni í verkum sínum. Má færa rök fyrir því að *Tristan og Isolde* eftir Wagner eigi Rómeó og Júlíu eftir Berlioz eitt og annað að þakka.

Berlioz leit alltaf svo á að hjarta verksins væru hinir hljómsveitarkaflar þessarar dramatísku sínfóníu. Sínfóníur Beethovens voru honum mikill innblástur alla tíð en sérstaklega í Rómeó og Júlíu. Að mati Berliozar voru sínfóníur Beethovens ekki „bara“ hljóðfæratónlist sem líta skyldi á abstrakt, heldur væru þær hljóðfæradrama þar sem finna mætti allt litróf mannglegra tilfinninga.

## HELGI JÓNSSON

# Rómeó og Júlía

## 1. INTRODUCTION

[Combats - Tumulte - Intervention du Prince]

(Orchestre seul)

### Prologue

*Mezzo-soprano et petit chœur:*

D'anciennes haines endormies  
Ont surgi comme de l'enfer;  
Capulets, Montagus, deux maisons ennemies,  
Dans Vérone ont croisé le fer.  
Pourtant de ces sanglants désordres  
Le Prince a réprimé le cours,  
En menaçant de mort ceux qui, malgré ses ordres,  
Aux justices du glaive auraient encore recours.

Dans ces instants de calme une fête est donnée  
Par le vieux chef des Capulets.

*Mezzo-soprano:*

Le jeune Roméo, plaignant sa destinée,  
Vient tristement errer à l'entour du palais;  
Car il aime d'amour Juliette, la fille  
Des ennemis de sa famille!

## 1. INNGANGUR

[Bardagi — Hávaði — Furstinn skerst í leik]

(Hljómsveit einungis)

### Forspjall

*Mezzo-sópran og lítill kór:*

Ævafornt hatur sem var útafsofnað  
hefur blossað upp eins og úr víti;  
Kapúlettar, Montagar, tvær óvinaættir,  
hafa látið ljósta saman vopnum í Veróna.  
En furstinn hefur stemmt stigu við  
þessum blóðugu róstum,  
með því að hóta dauða hverjum sem grípur,  
þrátt fyrir fyrirmæli hans, til réttvísi sverðsins.

Á þessum stutta friðsældarkafla boðar  
aldinn höfðingi Kapúletta til hátíðar.

*Mezzó-sópran:*

Rómeó hinn ungi reikar dapurlega  
gegnum höllina og harmar örlög sín.  
Því að hann elskar af öllu hjarta Júlíu,  
dóttur óvina fjölskyldu hans.



*Mezzo-soprano et petit chœur:*

Le bruit des instruments, les chants mélodieux  
Partent des salons où l'or brille,  
Excitant et la danse et les éclats joyeux.

*Petit chœur:*

La fête est terminée et quand tout bruit expire,  
Sous les arcades on entend  
Les danseurs fatigués s'éloigner en chantant.  
Hélas! et Roméo soupire,  
Car il a dû quitter Juliette!  
Soudain, pour respirer encore cet air qu'elle respire,  
Il franchit les murs du jardin.  
Déjà sur son balcon la blanche Juliette  
Paraît et, se croyant seule jusques au jour  
Confie à la nuit son amour.  
Roméo, palpitant d'une joie inquiète,  
Se découvre à Juliette, et de son cœur  
Les feux éclatent à leur tour.

### **Strophes**

*Mezzo-soprano et petit chœur:*

Premiers transports que nul n'oublie!  
Premiers aveux, premiers serments  
De deux amants

*Mezzó-sópran og lítill kór:*

Ómur frá hljóðfærum, klíðmjúkur söngur  
berst út úr sölunum þar sem gullið ljómar,  
örvar dansinn og fagnaðarlætin.

*Lítill kór:*

Veizlunni er lokið og þegar hávaðinn hjaðnar  
má í bogagöngunum heyra  
þreytta dansara fjarlægjast syngjandi.  
Ó vei! og Rómeó andvarpar,  
því að hann á að yfirgefa Júlíu.  
Skyndilega, til að anda aftur sama lofti og hún,  
stekkur hann yfir garðsmúrana.  
Á sömu stundu birtist Júlía föl á svölum sínum  
og þar sem hún telur sig eina allt til morguns  
játar hún ást sína fyrir nóttinni.  
Rómeó, titrandi af kvíðafullri gleði,  
gefur sig fram við Júlíu, og úr hjarta hans  
brjótast logarnir fram.

### **Erindi**

*Mezzó-sópran og lítill kór:*

Fyrsti ástarákafinn sem enginn fær gleymt!  
Fyrstu heit, fyrstu eiðar  
tveggja elskenda

Sous les étoiles d'Italie;  
Dans cet air chaud et sans zéphyr  
Que l'oranger au loin parfume,  
Où se consume  
Le rossignol en long soupirs!  
Quel art dans sa langue choisie,  
Rendrait vos célestes appas?  
Premier amour, n'êtes vous pas  
Plus haut que toute poésie?  
Ou ne seriez-vous point, dans notre exil mortel,  
Cette poésie elle-même,  
Dont Shakespeare lui seul eut le secret suprême  
Et qu'il remporta dans le ciel!

Heureux enfants aux cœurs de flamme,  
Liés d'amour par le hasard  
D'un seul regard,  
Vivant tous deux d'une seule âme,  
Cachez le bien sous l'ombre en fleurs,  
Ce feu divin qui vous embrase,  
Si pure extase  
Que ses paroles sont des pleurs!  
Quel roi de vos chastes délires  
Croirait égalier les transports?  
Heureux enfants! et quels trésors

undir stjörnum Ítalíu;  
í þessu heita lofti án andvara  
sem ilmar af glóaldintrénu í fjarska,  
þar sem næturgalinn  
mæðist af löngum andvörpum!  
Hvaða list getur á sínu útvalda tungumáli  
útmálað himneska töfra þína?  
Fyrsta ástin, ert þú ekki  
göfugri en öll ljóðlist?  
Eða ert þú ekki, í dauðlegri útleð vorri,  
sjálf þessi ljóðlist?  
Shakespeare einn þekkti æðsta  
leyndardóm hennar og tók með sér til himna!

Lánsömu börn með logandi hjörtu,  
bundin saman í ást fyrir hendingu  
eins augnakasts,  
lifandi bæði tvö í sömu sál,  
felið vel í skugga blómanna  
þennan guðlega eld sem brennir ykkur,  
svo hreint algleymi  
að orð þess eru tár!  
Hvaða konungur getur státað af unaðssemd  
sem jafnast á við skírlífa ástríðu ykkar?  
Lánsömu börn! og hvaða fjársjóðir

Payeraient un seul de vos sourires?  
Ah! savourez longtemps cette coupe de miel,  
Plus suave que les calices  
Où les anges de Dieu, jaloux de vos délices,  
Puisent le bonheur dans le ciel!

*Ténor et petit chœur:*

Bientôt de Roméo la pâle rêverie  
Met tous ses amis en gaieté.  
‘Mon cher, dit l’élégant Mercutio, je parie  
Que la reine Mab t’aura visité!’

### **Scherzetto**

*Ténor et chœur:*

Mab! la messagère  
Fluette et légère,  
Elle a pour char une coque de noix  
Que l’écureuil a façonnée;  
Les doigts de l’araignée  
Ont filé ses harnois.  
Durant les nuits, la fée, en ce mince équipage,  
Galope follement dans le cerveau d’un page  
Qui rêve espiègle tour  
Ou molle sérénade  
Au clair de lune sous la tour.

gætu greitt fyrir eitt af brosum ykkar?  
Æ! njótið lengi þessa hunangsbikars,  
sem er sætari en bikararnir  
sem englar Guðs, öfundsamir vegna sælu ykkar,  
ausa í hamingjunni á himnum!

*Tenór og lítill kór:*

Brátt vekja fölr dagdraumar Rómeós  
kátínu meðal vina hans.  
„Góði minn,“ segir hinn glæsilegi Merkútsíó,  
„mér sýnist Mabba drottning hafa heimsótt þig!“

### **Skerzettó**

*Tenór og kór:*

Mabba, sendiboðinn  
fingerði og létti,  
vagninn hennar er hnetuskurn  
sem íkorni hefur útbúið;  
kóngulóarfingur hafa  
spunnið herklæði hennar.  
Um nætur þeysist álfkonan í þessu mjóa farartæki  
æðandi gegnum heilabú einhvers skjaldsveinsins  
sem dreymir um gáskafullar brellur  
eða ljúfa kvöldlokku  
í tunglsljósi undir turninum.

En poursuivant sa promenade  
La petite reine s'abat  
Sur le col bronzé d'un soldat.  
    Il rêve canonnades  
    Et vives estocades,  
Le tambour, la trompette;  
Il s'éveille et d'abord  
Jure, et prie en jurant toujours, puis se rendort  
Et ronfle avec ses camarades.  
C'est Mab qui faisait tout ce bacchanal.  
C'est elle encore qui dans un rêve habille  
    La jeune fille  
    Et la ramène au bal.  
Mais le coq chante, le jour brille,  
Mab fuit comme un éclair  
Dans l'air.

*Le petit chœur:*

Bientôt la mort est souveraine.  
Capulets, Montagus, domptés par les douleurs,  
Se rapprochent enfin pour abjurer la haine  
Qui fit verser tant de sang et de pleurs.

Litla drottningin heldur áfram  
fór sinni og lendir næst  
á bronslituðum hálsi hermanns.  
    Hann dreymir um stórskotahríð  
    og ákafar sverðstungur,  
trumban, lúðurinn;  
hann hrekkur upp,  
bölvar, biðst fyrir bölvandi, sofnar svo  
og hrytur ásamt félögum sínum.  
Það er Mabba sem stýrir þessari jörfagleði.  
Það er líka hún sem lætur í draumi  
    ungu stúlkuna klæða sig  
    og fara aftur á dansleikinn.  
En haninn galar, dagur skín,  
Mabba flýr eins og elding  
    út í loftið.

*Lítill kór:*

Brátt er dauðinn allsráðandi.  
Kapúlettur, Montagar, bugaðir af harmi,  
koma sér loksins saman um að afneita hatrinu,  
sem hefur látið svo mikið blóð og tár renna.

## 2. ROMÉO SEUL

[Róméo seul - Tristesse -Bruits lointains de  
Concert et de Bal - Grande Fête chez Capulet]  
(Orchestre seul)

## 3. SCÈNE D'AMOUR

[Nuit sereine - Le Jardin de Capulet, silencieux  
et désert. - Les jeunes Capulets, sortant de la  
fête, passent et chantent des réminiscences de la  
musique du bal]

*Deux chœurs:*

Ohé, Capulets! bonsoir, bonsoir!

Ohé, bonsoir, cavaliers, au revoir!

Ah, quelle nuit! Quel festin!

Bal divin! Quel festin!

Que de folles

Paroles!

Belles Véronaises,

Sous les grands mélèzes .

Allez rêver de bal et d'amour,

Allez, rêver d'amour

Jusqu'au jour.

Tra la la la la.

## 2. RÓMEÓ EINN

[Róméo einn - Depurð - Ómar frá tónleikum og  
dansi úr fjarska - Stórhátíð hjá Kapúlett]  
(Hljómsveit einungis)

## 3. ÁSTARATRIÐI

[Heiðskír nótt - Garður Kapúletts, þögull og  
yfirgefinn. - Ungir Kapúlettar að koma frá  
hátíðinni ganga hjá og syngja slitur af tónlist  
dansleiksins]

*Tveir kórar:*

Hæ, Kapúlettar, góða nótt, góða nótt!

Hæ, góða nótt herrar mínir, sjáumst seinna!

Æ, hvílík nótt! Hvílík veizla!

Dásamlegur dansleikur! Hvílík veizla!

Hve æðislegar

samræður!

Fegurðardísir Veróna-borgar

undir stóru lerkitrjánum.

Farið og látið ykkur dreyma um dans og ást,

farið, dreymið um ástina

allt fram til morguns.

Tra la la la la.

**Scène d'amour**

(Orchestre seul)

**4. LA REINE MAB, OU LA FÉE  
DES SONGES****Scherzo**

(Orchestre seul)

**5. CONVOI FUNÈBRE DE JULIETTE**

*Chœur des Capulets:*

Jetez des fleurs pour la vierge expirée!  
Jusqu'au tombeau, jetez des fleurs  
Pour la vierge expirée!  
Et suivez au tombeau notre sœur adorée!

**Ástaratriði**

(Hljómsveit einungis)

**4. DROTTNINGIN MABBA, EÐA  
ÁLFKONA DRAUMANNA****Skerzó**

(Hljómsveit einungis)

**5. LÍKFYLGÐ JÚLÍU**

*Kór Kapúletta:*

Stráið blómum fyrir meyna látnu!  
Stráið blómum alla leið til grafarinnar  
fyrir meyna látnu!  
Og fylgjum til grafar elskaðri systur okkar!

## 6. ROMÉO AU TOMBEAU DES CAPULETS

[Invocation – Réveil de Juliette – Joie délirante, désespoir; dernières angoisses et mort des deux amants]

*(Orchestre seul)*

## 7. FINALE

[La foule accourt au cimetière – Rixe des Capulets et des Montagus – Récitatif et Air du Père Laurence – Serment de réconciliation]

*Montagus et Capulets (ensemble):*

*Chœur des Montagus;*

Quoi! Roméo de retour! Roméo!

Pour Juliette il s'enferme au tombeau

Des Capulets que sa famille abhorre.

Ah! malédiction sur eux! Roméo!

*Chœur des Capulets:*

Quoi! Roméo de retour! Roméo!

Les Montagus ont brisé le tombeau

De Juliette expirée à l'aurore.

Ah! malédiction sur eux! Juliette!

*Montagus et Capulets:*

## 6. RÓMEÓ VIÐ GRAFHÝSI KA- PÚLETTA

[Fyrirbæin – Júlía vaknar – Ofsagleði, örvænting; lokaangist og dauði elskendanna tveggja]

*(Hljómsveit einungis)*

## 7. LOKAÞÁTTUR

[Mannfjöldinn hraðar sér til grafreitsins – Ryskingar Kapúletta og Montaga – Söngles og aría bróður Lárens – Sáttasvardagi]

*Montagar og Kapúlettar (samtímis):*

*Kór Montaga:*

Hvað! Rómeó er kominn aftur! Rómeó!

Fyrir Júlíu hefur hann lokað sig inni í gröf

Kapúletta, sem fjölskylda hans hefur óbeit á.

Æ, komi bölvun yfir þá! Rómeó!

*Kór Kapúletta:*

Hvað! Rómeó er kominn aftur! Rómeó!

Montagar hafa brotízt inn í gröf

Júlíu sem andaðist nú í morgun!

Æ, komi bölvun yfir þá! Júlía!

*Montagar og Kapúlettar:*

Ciel! morts tous les deux  
Et leur sang fume encore!  
Quel mystère! Ah, quel mystère affreux!

*Le Père Laurence:*

Je vais dévoiler le mystère!  
Ce cadavre, c'était l'époux  
De Juliette. Voyez-vous  
Ce corps étendu sur la terre?  
C'était la femme, hélas, de Roméo.  
C'est moi qui les ai mariés.

*Montagus et Capulets:*

Mariés!

*Le Père Laurence:*

Oui, je dois l'avouer.  
J'y voyais le gage salutaire  
D'une amitié future entre vos deux maisons.

*Montagus et Capulets (ensemble):*

*Montagus:*

Amis des Capulets, nous!  
Nous les maudissons!

Hamingjan sanna! dáin bæði tvö  
og blóð þeirra er enn ekki kólnað!  
Hvílík ráðgáta! Æ, hve hræðileg ráðgáta!

*Bróðir Lárens:*

Ég skal greiða úr ráðgátunni!  
Þetta lík, það var eiginmaður  
Júliu. Sjáið þér  
þetta lík sem liggur á jörðinni?  
Það var, ó vei, eiginkona Rómeós.  
Það er ég sem gaf þau saman.

*Montagar og Kapúlettur:*

Gafst saman!

*Bróðir Lárens:*

Já, ég játa það,  
ég leit á það sem heillavænlega tryggingu  
fyrir vinskapi í framtíðinni milli ættanna tveggja.

*Montagar og Kapúlettur (samtímis):*

*Montagar:*

Vinir Kapúletta, við!  
Við formælum þeim!



*Capulets:*

Amis des Montagus, nous!

Nous les maudissons!

*Le Père Laurence:*

Mais vous avez repris la guerre de famille!

Pour fuir un autre hymen, la malheureuse fille

Au désespoir vint me trouver.

‘Vous seul, s’écria-t-elle,

‘Auriez pu me sauver!

‘Je n’ai plus qu’à mourir!’

Dans ce péril extrême,

Je lui fis prendre, afin de conjurer le sort,

Un breuvage qui, le soir même,

Lui prêta la pâleur et le froid de la mort.

*Montagus et Capulets:*

Un breuvage!

*Le Père Laurence:*

Et je venais sans crainte ici la secourir.

Mais Roméo, trompé dans la funèbre enceinte,

M’avait devancé pour mourir

Sur le corps de sa bien-aimée.

Et presqu’à son réveil, Juliette informée

*Kapúlettar:*

Vinir Montaga, við!

Við formælum þeim!

*Bróðir Lárens:*

En þér tókuð upp að nýju ættarerjurnar!

Til að flýja annað hjónaband leitaði

stúlkan ógæfusama í örvæntingu til mín.

„Þér einn,“ hrópaði hún,

„getið bjargað mér!

Ég á enga undankomuleið nema dauðann!“

Í þessari ógnarhættu

lét ég hana, til að afstýra örlögum, taka inn

dvaladrykk, sem gaf henni hið sama kvöld

fölva og kulda dauðans.

*Montagar og Kapúlettar:*

Dvaladrykk!

*Bróðir Lárens:*

Og ég kom hingað óttalaus til að hjálpa henni.

En Rómeó, sem lét blekkjast af umhverfi dauðans,

var kominn á undan mér til að deyja

yfir líki sinnar heittelskuðu.

Og jafnskjótt og Júlía vaknaði og gerði sér ljóst

De cette mort qu'il porte en son sein dévasté,  
Du fer de Roméo s'était contre elle armée  
Et passait dans l'éternité  
Quand j'ai paru! Voilà toute la vérité.

*Montagus et Capulets:*

Mariés!

*Le Père Laurence:*

Pauvres enfants que je pleure,  
Tombés ensemble avant l'heure,  
Sur votre sombre demeure  
Viendra pleurer l'avenir,  
Grande par vous dans l'histoire,  
Vérone un jour, sans y croire,  
Aura sa peine et sa gloire  
Dans votre seul souvenir.

Où sont-ils maintenant, ces ennemis farouches?  
Capulets! Montagus! Venez, voyez, touchez, ...  
La haine dans vos cœurs, l'injure dans vos bouches!  
De ces pâles amants, barbares, approchez!  
Dieu vous punit dans vos tendresses!  
Ses châtiments, ses foudres vengeresses  
Ont le secret de nos terreurs!

að hann bar með sér dauðann í særðu brjósti,  
notaði hún rýting Rómeós gegn sjálfri sér  
og var horfin inn í eilífðina  
þegar ég birtist! Þetta er allur sannleikurinn.

*Montagar og Kapúlettur:*

Gefin saman!

*Bróðir Lárens:*

Vesalings börn, sem ég syrgi,  
fallin frá saman langt um aldur fram,  
Seinni kynslóðir munu koma  
til að gráta yfir dimmum dvalarstað ykkar,  
sá dagur kemur að Veróna verður óafvitandi  
fræg í sögunni vegna ykkar,  
og þjáningar hennar og dýrð mun einungis  
stafa af minningunni um ykkur.

Hvar eru þeir nú, þessir hatrömmu fjandmenn?  
Kapúlettur! Montagar! Komið, sjáið, snertið ...  
með hatrið í hjörtum yðar, svírðingar á vörum,  
nálgið, þorparar, þessa fölu elskendur!  
Guð hegnir yður gegnum viðkvæmni yðar!  
Refsingar hans, hefndarlogar hans  
eru leyndardómurinn í ótta vorum!

Entendez-vous sa voix qui tonne:  
'Pour que là-haut ma vengeance pardonne,  
Oubliez vos propres fureurs!'

*Montagus et Capulets:*  
Mais notre sang rougit leur glaive.

*Montagus:*  
Le notre aussi contre eux s'élève.

*Capulets:*  
Ils ont tué Tybald!

*Montagus:*  
Qui tua Mercutio?

*Capulets:*  
Et Pâris donc?

*Montagus:*  
Et Benvolio?

*Capulets:*  
Et Tybald?

Hlýðið á röddina sem þrumar:  
„Til þess að hefnd mín miskunni í hæðum,  
gleymið yðar eigin bræði!“

*Montagar og Kapúlettur:*  
En blóð okkar rýður sverð þeirra.

*Montagar:*  
Og blóð okkar rís á móti þeim.

*Kapúlettur:*  
Þeir drápu Tíbalð

*Montagar:*  
Hver drap Merkútsíó?

*Kapúlettur:*  
Eða þá París?

*Montagar:*  
Og Benvólíó?

*Kapúlettur:*  
Og Tíbalð?

*Montagus et Capulets:*

Perfides, point de paix! Non!

Non, lâches! Point de trêve! Non!

*Le Père Laurence:*

Silence, malheureux! Pouvez-vous, sans remords,

Devant un tel amour étaler tant de haine?

Faut-il que votre rage en ces lieux se déchaîne,

Rallumée aux flambeaux des morts?

Grand Dieu qui voit au fond de l'âme,

Tu sais si mes vœux étaient purs!

Grand Dieu, d'un rayon de ta flamme

Touche ces cœurs sombres et durs!

Et que ton souffle tutélaire,

A ma voix sur eux se levant,

Chasse et dissipe leur colère

Comme la paille au gré du vent!

*Montagus:*

Ô Juliette! Douce fleur!

*Capulets:*

Ô Roméo! Jeune astre éteint!

*Montagar og Kapúlettar:*

Svikarar, engan frið! Nei!

Nei, raggeitur! Engin grið! Nei!

*Bróðir Lárens:*

Þögn, vesalingar! Getið þér án iðrunar

sýnt þvílíkt hatur andspænis þvílíkri ást?

Þarf hatur yðar að brjótast fram á þessum stað,

sem er lýstur upp af kyndlum hinna dauðu?

Mikli Guð, þú sem sérð niður í djúp sálarinnar,

þú veizt hvort heit mín eru flekklaus!

Mikli Guð, megi geisli frá loga þínum

snerta þessi myrku og hörðu hjörtu!

Og megi fræðandi andi þinn

rísa frammi fyrir þeim í rödd minni,

hrekja burt og tvístra reiði þeirra

eins og hálmstrá fyrir vindi!

*Montagar:*

Ó Júlía! Ljúfa blóm!

*Kapúlettar:*

Ó Róméó! Unga slokknada stjarna!

*Montagus et Capulets:*

Dans ces moments suprêmes,  
Les Capulets [Montagus] sont prêts eux-mêmes  
A s'attendrir sur ton destin.  
Dieu! quel prodige étrange!  
Plus d'horreur, plus de fiel,  
Mais des larmes du Ciel !  
Toute notre âme change.

### **Svardagi**

*Le Père Laurence:*

Jurez donc par l'auguste symbole,  
Sur le corps de la fille et sur le corps du fils,  
Par le bois douloureux qui console,  
Jurez tous, jurez par le saint crucifix,  
De sceller entre vous une chaîne éternelle  
De tendre charité, d'amitié fraternelle!  
Et Dieu, qui tient en main le futur jugement,  
Au livre du pardon inscrira ce serment.

*Chœur:*

Jurez tous [Nous jurons] par l'auguste symbole,  
Sur le corps de la fille et sur le corps du fils,  
Par le bois douloureux qui console;

*Montagar og Kapúlettur:*

Á þessari ögurstundu  
eru Kapúlettur [Montagar] reiðubúnir  
að vera snortnir af örlögum þínum.  
Guð! Hve dýrðlegt undur!  
Enginn hryllingur, engin biturð lengur,  
aðeins tár himnanna!  
Sál vor er öll umbreytt.

### **Svardagi**

*Bróðir Lárens:*

Sverjið þá eið við þetta æðsta tákn,  
yfir líkómum dóttur yðar og sonar,  
við píslartréð sem hughreystir,  
sverjið allir, sverjið við helgan kross,  
að innsigla milli yðar eilífa keðju  
af mildum kærleika, bróðurlegri vináttu!  
Og Guð, sem heldur æðsta dómi í hendi sér,  
mun rita þennan eið í bók fyrirgefningarinnar.

*Kór:*

Sverjið allir [Við sverjum] við þetta æðsta tákn,  
yfir líkómum dóttur yðar og sonar,  
við píslartréð sem hughreystir;

Jurez tous [Nous jurons tous] par le saint crucifix,  
De sceller entre vous [nous] une chaîne éternelle  
De tendre charité, d'amitié fraternelle!  
Et Dieu, qui tient en main le futur jugement,  
Au livre du pardon inscrira ce serment.  
Vous jurez [Nous jurons] d'éteindre enfin  
Tous vos (nos) ressentiments, amis, pour toujours!

*Émile Deschamps orti*

*með hliðsjón af leikriti Williams Shakespeare*

sverjið allir [við sverjum allir] við helgan kross,  
að innsigla milli yðar [vor] eilífa keðju  
af mildum kærleika, bróðurlegri vináttu!  
Og Guð, sem heldur æðsta dómi í hendi sér,  
mun rita þennan eið í bók fyrirgefningarinnar.  
Sverjið [Við sverjum] að slökkva endanlega  
alla yðar [vora] beiskju, vinir, að eilífu!

*Reynir Axelsson þýddi*

## Á döfinni

**Fimmtudagur 7. júní kl. 19:30**

**Föstudagur 8. júní kl. 19:30**

*Beethoven-Hringurinn IV*



**Ludwig van Beethoven** *Sinfónía nr. 8*

**Ludwig van Beethoven** *Sinfónía nr. 9*

**Hannu Lintu** *hljónsveitarstjóri*

**Hulda Björk Garðarsdóttir** *einsöngvari*

**Andrew Kennedy** *einsöngvari*

**Ágúst Ólafsson** *einsöngvari*

**Mótettukór Hallgrímskirkju**

**Hörður Áskelsson** *kórstjóri*

Sinfóníuhljónsveitin lokar Beethovenhringnum með tveimur síðustu sinfóníum meistarans, sem báðar eru stórbrotin verk hvor á sinn hátt. Sú áttunda er smærri í sniðum, kraftmikil en býr einnig yfir ljóðrænni mykt. Níunda sinfónían er eitt frægasta og áhrifamesta verk sígildrar tónlistar. Flutningur Níundu sinfóníunnar að þessu sinni er tileinkaður aldarminningu dr. Róberts Abrahams Ottóssonar, sem fæddist í Berlín 17. maí 1912 en fluttist til Íslands árið 1935 þegar nasistar höfðu gert gyðingum óbærilegt að starfa í Þýskalandi. Hér vann hann margs konar sigra, ritaði merka doktorsritgerð um Þorlákstíðir, stofnaði Söngsveitina Fílharmóníu og stýrði Sinfóníuhljónsveit Íslands á yfir 70 tónleikum. Í febrúar 1966 stjórnaði Róbert fyrsta flutningi Níundu sinfóníunnar á Íslandi, en þá var hún flutt fimm sinnum fyrir fullu Háskólabíói.

## Á döfinni

Fimmtudagur 14. júní kl. 19:30

Sungið af hátindinum



**Jón Nordal** *Adagio*

**Alban Berg** *Altenberg-Lieder*

**W.A. Mozart** *Non mi dir, úr Don Giovanni og Misera, dove son, K. 369*

**Franz Schubert** *Ófullgerða sinfónían*

**Ilan Volkov** *hljómsveitarstjóri*

**Christine Schäfer** *einsöngvari*

Christine Schäfer er ein dáðasta sópransöngkona Þýskalands. Í meira en áratug hefur hún sungið á öllum helstu óperuhúsum heims; hefur m.a. sungið öll stóru Mozarthlutverkin á Salzburgar-hátíðinni, og nýverið söng hún hlutverk Sophie í *Rosenkavalier* í Metropolitan-óperunni þar sem hún þurfti að verjast ágengni Kristins Sigmundssonar í hlutverki Ochs baróns. Hún hlaut Gramophone-verðlaunin fyrir hljómdisk sinn með sönglögum Schumanns, og meðal nýjustu diska hennar eru aríur Bachs fyrir Deutsche Grammophon, þar sem hún kemur fram ásamt Hilary Hahn. Meðal nýlegra sigra henna á óperusviðinu eru hlutverk Víolettu í *La Traviata* við Garnier-óperuna í París, og Konstansa í *Brottnáminu úr kvennabúrinu* við Berlínaróperuna.

Auk þess hljóma á tónleikunum tvö hljómsveitarverk. *Adagio* eftir Jón Nordal var frumflutt á Sinfóníutónleikum árið 1966 og hefur allar götur síðan þótt eitt hans allra besta verk: fágað, ljóðrænt og heilsteypt. Það er auk þess í uppáhaldi hjá nýjum aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitarinnar sem óskaði sérstaklega eftir því fá að stjórna því á fyrsta ári sínu við stjórnvölinn.

Ófullgerða sinfónía Schuberts er síðan lokapunkturinn aftan við starfsár hljómsveitarinnar að þessu sinni. Ófullgerða sinfónían er „ólík allri annari tónlist sem áður hafði heyrst“, sagði tónlistargagnrýnandinn Michael Steinberg, og enn í dag tekst henni að lyfta hlustendum upp í æðra veldi með töfrum sínum.



## KÓRAR Á TÓNLEIKUM

25. maí 2012

### KÓR ÁSKIRKJU (LÍTILL KÓR)

#### KONTRAALT

Inga Dóra Stefánsdóttir  
Lilja Dögg Gunnarsdóttir  
Rakel Edda Guðmundsdóttir  
Valgerður G. Halldórsdóttir

#### TENÓR

Jón Ingi Stefánsson  
Magnús Ragnarsson  
Oddur Smári Rafnsson  
Pétur Húni Björnsson

#### BASSI

Daði Sverrisson  
Egill Gunnarsson  
Finnbogi Óskarsson  
Guðjón Emilsson  
Gunnar Emil Ragnarsson

### SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA (KAPÚLETTAR)

#### SÓPRAN

Ása Sjöfn Lórens dóttir  
Áslaug Anna Þorvaldsdóttir  
Birna Kristín Eiríksdóttir  
Edda Þóll Kentish  
Guðrún Halldórsdóttir  
Hana Belmore  
Harpa Hrund Berndsen  
Harpa Ósk Valgeirsdóttir  
Hildur Pétursdóttir  
Hlín Kristbergsdóttir  
Inga Rós Antoníusdóttir  
Jóhanna H. Helgadóttir  
Kristín Th Þórarínsdóttir  
Kristína Andersson  
Ólóf Guðrún Jónsdóttir  
Pálína Sigurðardóttir  
Sigríður Geirsdóttir  
Sigrún Steingrímsdóttir  
Sólrún Halla Einarsdóttir  
Sólrún Jónsdóttir  
Þóra Harðardóttir

#### ALT

Agla Ástbjörnsdóttir  
Bryndís Sigtryggisdóttir  
Guðríður Guðmundsdóttir  
Helga Þórhallsdóttir  
Hulda B Hákonardóttir  
Hulda Hjartardóttir  
Katrín Gunnarsdóttir  
Lilja Árnadóttir  
Rannveig Magnúsdóttir  
Sigríður Guðmundsdóttir  
Sigrún Jóhannsdóttir  
Sigurlaug Magnúsdóttir  
Sólveig J. Ásgeirsdóttir  
Steinunn Anna Sigurjónsdóttir  
Ýrr Geirsdóttir  
Þóra V. Guðmundsdóttir

#### TENÓR

Einar G. Kvaran  
Guðlaugur Bergmann  
Guðmundur Gauti Kristjánsson  
Kristján Kristinsson  
Magnús Gíslason  
Ólafur Guðmundsson  
Pétur Eiríksson  
Þengill Ólafsson  
Þorkell Heiðarsson

#### BASSI

Einar Karl Friðriksson  
Einar Steingrímsson  
Guðmundur Sigþórsson  
Haukur K. Bragason  
Jóhannes Karl Karlsson  
Jón Ragnar Höskuldsson  
Óskar Þór Þráinsson  
Rögnvaldur Árni Geirsson  
Sigmar Hlynur Sigurðsson  
Stefán Ingi Valdimarsson  
Steinn Jónsson  
Þorsteinn Þorsteinsson

### HLJÓMEYKI OG KÓR ÁSKIRKJU (MONTAGAR)

#### SÓPRAN

Brynhildur Ásgeirsdóttir  
Elin Arna Aspelund  
Elin Gunnlaugsdóttir  
Elma Atladóttir  
Fífa Jónsdóttir  
Heiðrún Hákonardóttir  
Hildigunnur Rúnarsdóttir  
Rósa Jóhannesdóttir  
Þórunn Elin Pétursdóttir

#### ALT

Anna Hafberg  
Bjarney Halldórsdóttir  
Elisabet Indra Ragnarsdóttir  
Gerður Guðmundsdóttir  
Hildur Evlalia Unnarsdóttir  
Olga Sigrún Olgeirsdóttir  
Ragnheiður Lárusdóttir  
Þóra Marteinsdóttir

#### TENÓR

Hákon Hákonarson  
Halldór Unnar Ómarsson  
Hólmsteinn Brekkan  
Jónas Örn Helgason  
Sveinn Enok Jóhannsson  
Tryggvi Helgason  
Þorkell Helgi Sigfússon

#### BASSI

Birgir Tryggvason  
Finnbogi Óskarsson  
Guðmundur Sigurjónsson  
Gunnar Ólafsson  
Hrafn Arnórsson  
Kristófer Kvaran  
Pétur Jóhannes Guðlaugsson  
Sigurður Árni Jónsson

Guðríður St. Sigurðardóttir  
píanóleikari á æfingum kóra

# HLJÓMSVEITIN Á TÓNLEIKUM

25. maí 2012

## 1. FÍÐLA

Qing Li  
Sigrún Eðvaldsdóttir  
Andrzej Kleina  
Júliana Elin Kjartansdóttir  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Martin Frewer  
Ágústa María Jónsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Zbigniew Dubik  
Margrét Kristjánsdóttir  
Rósa Guðmundsdóttir  
Lin Wei  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Mark Reedman

## 2. FÍÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson  
Roland Hartwell  
Christian Diethard  
Joanna Bauer  
Dóra Björgvinsdóttir  
Þórdís Stross  
Lilja Hjaltadóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Helga Steinunn Torfadóttir  
María Weiss  
Hlíf Sigurjónsdóttir  
Kristján Matthíasson

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Guðrún Hrunn Harðardóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Helga Þórarinsdóttir  
Sarah Buckley  
Kathryn Harrison  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson

## SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Guðrún Th. Sigurðardóttir  
Inga Rós Ingólfsdóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Lovísa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Matthías Nardeau  
Peter Tompkins

## KLARINETT

James Meldrum  
Einar Jóhannesson

## FAGOTT

Sandra Sisk  
Rúnar Vilbergsson  
Hafsteinn Guðmundsson  
Brjánn Ingason

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Jón Halldór Finnsson  
Eric Klay, bassabásúna

## TÚBA

Aaron Tindall

## HARPA

Katie Buckley  
Elisabet Waage

## PÁKUR

Eggert Pálsson  
Frank Aarnink

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Árni Áskelsson  
Kjartan Guðnason  
Pétur Grétarsson

# GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum Sinfóníuhljómsveitar Íslands




GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval  
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða  
Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 540 3285, [www.gamma.is](http://www.gamma.is)



**GAMMA**  
GAM Management hf



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



Ludwig van Beethoven

TÓNLEIKAR 07.06 » 19:30 / AUKATÓNLEIKAR 08.06 » 19:30

# Níunda

**Ludwig van Beethoven:** *Sinfónía nr. 8*  
**Ludwig van Beethoven:** *Sinfónía nr. 9,*  
*Óðurinn til gleðinnar*

**Hannu Lintu** hljómsveitarstjóri  
**Hulda Björk Gardarsdóttir,**  
**Nathalia Druzín Halldórsdóttir,**  
**Andrew Kennedy,**  
**Ágúst Ólafsson** einsöngvarar  
**Mótettukór Hallgrímskirkju**  
**Hörður Áskelsson** kórstjóri

Sinfóníuhljómsveitin lokar Beethoven-hringnum með tveimur síðustu sífóníum meistarans. Báðar eru meistaraverk, hvor á sinn hátt. Sú áttunda er smærri í sniðum, kraftmikil með ljóðrænni mýkt og sú níunda er sannkallaður óður til gleðinnar.

Tryggðu þér miða á stórbrotin verk sígildrar tónlistar.

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA